

**Nd.**

**39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29, 16. des. 1885.

Flutningsm.: Magnús Torfason.

Fyrri málsl. 5. gr. laganna hljóði svo:

Fógeti framkvæmir lögtak; þó má hreppstjóri gera lögtak i sveitum, þegar skuldin nemur ekki meiru en 1000 kr., enda sje lögtakið eigi gert i fasteign.

**Greinargerð.**

Peningar hafa fallið mjög i verði og álögur aukist margfaldlega síðan lögin um lögtak og fjárnám voru sett. Ákvæðið um að hreppstjórar megi aðeins gera lögtak fyrir 50 kr. er því orðið alt of lágt og veldur óþægindum og rekistefnu. Hins vegar er rjettur þeirra, er fyrir lögtaki verða, trygður með því, að samkvæmt 9. gr. ber að leggja gerðina undir úrskurð fógeta, ef mótmæli koma fram.